



## Dælulykill FÍB/Atlantsolíu - skilmálar

1. Dælulykill er eign Atlantsolíu hf. Dælulykill, þ.m.t úttektir eru á ábyrgð handhafa lykils.
2. Skráður handhafi lykils skuldbindur sig til að greiða að fullu þær úttektir sem gerðar eru með lyklinum.
3. 7 + 2 kr. og 9 + 2 kr. afsláttur miðast við að FÍB aðild viðkomandi sé greidd. FÍB áskilur sér rétt til að fella afslátt niður ef árgjald er ekki í skilum. Ef FÍB afsláttur hefur verið felldur niður vegna dráttar á greiðslum árgjalds, þá þarf að tilkynna til FÍB þegar virkja á afsláttinn aftur eftir að árgjaldi hefur verið komið í skil.
4. Glati handhafi lyklinum skal hann tilkynna það í neyðarnúmer viðkomandi kortafyrirtækis (Borgun 560-1600/Valitor 525-2000) sem tilgreint er á korti sem afhent er með lyklinum. Handhafi skal, þar til tilkynning berst Borgun eða Valitor bera það tjón sem hann hefur orðið fyrir vegna taps eða þjófnaðar á dælulyklinum.
5. Úttektir gerðar með dælulykli eru innheimtar í gegnum korta-reikning handhafa, um úttektir gilda reglur og skilmálar um viðkomandi kort á hverjum tíma.
6. Atlantsolía áskilur sér rétt til að breyta skilmálum þessum og skulu breytingar á þeim kynntar eigi síðar en 15 dögum áður en breyttir skilmálar taka gildi.
7. Útsending nýrra viðskiptaskilmála í almennum pósti og / eða birting á heimasíðu Atlantsolíu og FÍB telst nægileg tilkynning.
8. Mál sem rísa út af broti á skilmálum þessum, svo og innheimtumál vegna úttekta með dælulykli er heimilt að reka fyrir Héraðsdómi Reykjaness.

